

Drög að ályktunum til afgreiðslu á flokksráðsfundi VG 17. ágúst 2024

| | |
|--|----|
| Menntakerfið mikilvægasta jöfnunartækið í fjölbreyttu samfélagi..... | 2 |
| Ályktun um málefni háskólanna og Menntasjóðs námsmanna..... | 2 |
| Ályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks | 3 |
| Ályktun um bætt kjör efnaminni ellilífeyrisþega..... | 3 |
| Ályktun um innflytjendamál..... | 3 |
| Ályktun um málefni Palestínu og stríðið á Gaza | 4 |
| Ályktun um samgöngumál | 4 |
| Ályktun um náttúruvernd | 5 |
| Ályktun um auðlindir..... | 5 |
| Ályktun um nýtingu vinds til orkuöflunar | 5 |
| Ályktun um sjávarútvegsmál..... | 6 |
| Ályktun um kynbundið ofbeldi..... | 6 |
| Ályktun um aukinn stuðning við fjölskyldur..... | 7 |
| Ályktun um aukinn jöfnuð ungmenna | 8 |
| Ályktun um óhagnaðardrifin búsetuform og samvinnubúseta..... | 9 |
| Ályktun um endurgjaldslausar getnaðarvarnir fyrir ungt fólk | 9 |
| Ályktun um íbúakósningu í Hafnafirði..... | 10 |
| Almenn stjórn málaályktun..... | 11 |

Menntakerfið mikilvægasta jöfnunartækið í fjölbreyttu samfélagi

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst 2024 ítrekar að menntakerfið er mikilvægasta jöfnunartækið í fjölbreyttu samfélagi og menntastofnanir á aldrei að reka í hagnaðarskyni. Skólaganga á að vera nemendum og fjölskyldum að kostnaðarlausu á öllum skólastigum. Einkafyrirtæki sýna aukna ásókn í að taka að sér verkefni úr menntakerfinu í hagnaðarskyni. Því þarf að tryggja að velferð nemenda og faglegt skólastarf sé alltaf ráðandi í öllum ákvörðunum sem snúna að menntun barna. Gæði menntakerfisins skera úr um hvort takist að skapa samfélag þar sem öll fá jöfn tækifæri í lífinu til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, rækta hæfileika sína og færni, þroskast og njóta. Á næstu árum er ekki einungis brýnt að gera menntun allra skólastiga endurgjaldslausu heldur líka að uppfæra aðalnámskrár í takt við nútímann, að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, tryggja stuðning við öll börn, þ.m.t. börn innflytjenda í skólum landsins, tryggja endurnýjun í kennarastéttinni, stuðning við kennara, efla vægi STEAM-greina sem eru vísindi, tækni, verkfræði, listsköpun og stærðfræði, og stórauka námsefnisgerð á vegum opinberra aðila.

Stjórn VG

Ályktun um málefni háskólanna og Menntasjóðs námsmanna

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst 2024 ítrekar mikilvægi háskóla landsins fyrir íslenskt samfélag. Tryggja þarf betur fjármögnun háskólanna svo þeir geti gegnt hlutverki sínu, sem er að skapa þekkingu og deila henni. Háskólastigið hérlendis er mun verr fjármagnað en háskólakerfi annars staðar á Norðurlöndum. Flokksráðsfundurinn fagnar hins vegar afnámi skólagjalda í Listaháskóla Íslands og við Háskólann á Bifröst, enda er um mikilvægt skref í átt að jafnræði til náms. Aðgengi að listnámi og fjarnámi á ekki að vera háð efnahag, en skólagjöldin hafa í gegnum tíðina verið verulega íþyngjandi fyrir stóran hóp nemenda.

Skoða þarf frekari breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna í ljósi nýlegrar skýrslu um heildarlögin um sjóðinn sem sett voru árið 2020. Lánþegum hefur fækkað undanfarin ár og mun færri námsmenn nýta sér námsstyrki en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rannsóknir hafa bent til þess að íslenskir stúdentar vinni mun meira með námi en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og fer það beint gegn markmiðum laganna um að auðvelda námsmönnum að einbeita sér að námi sínu. Flokksráðsfundurinn vill hækka hlutfall námsstyrks af lánum enn frekar en gert hefur verið, skoða kosti þess að gera námslán vaxtalaus og að þau falli niður við starfslok að uppfylltum eðlilegum skilyrðum um að námi ljúki fyrir tiltekinn aldur. Fólk á ekki að þurfa að greiða af námslánum sínum í ellinni, eða ef fólk fer á örorkulífeyri og getur ekki aflað sér tekna með launaðri vinnu. Er hér um stórt kjaramál að ræða fyrir stóran hóp fólks. Á tilteknum landsvæðum er erfitt að manna ákveðnar atvinnugreinar og vill flokksráðsfundurinn að stjórnvöld virki ákvæði laga um Menntasjóð námsmanna um afslátt á endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina, ekki síst á slíkum landsvæðum.

Stjórn VG

40

41 **Ályktun um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi**
42 **fatlaðs fólks**

43 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
44 2024 fagnar því að Alþingi hafi stigið það mikilvæga og löngu tímabæra skref að samþykkja
45 að koma á fót óháðri og sjálfstæðri Mannréttindastofnun sem heyri undir Alþingi Íslendinga.
46 Stofnun Mannréttindastofnunar Íslands er forsenda lögfestingar samnings Sameinuðu
47 þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og flokksráðsfundurinn leggur ríka áherslu á að
48 lögfestingu verði lokið á komandi þingvetri til að tryggja enn betur réttindi fatlaðs fólks.

49 Stjórn VG

50 **Ályktun um bætt kjör efnaminni ellilífeyrisþega**

51 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
52 2024 leggur áherslu á að ríkisstjórnin komi til framkvæmdar ákvæðum stjórnarsáttmála um
53 að halda áfram að bæta kjör hinna efnaminnstu í hópi ellilífeyrisþega. Mikilvægar
54 kerfisbreytingar á almannatryggingakerfi ellilífeyrisþega tóku gildi árið 2017 og félagslegur
55 viðbótarstuðningur árið 2020. Þessar breytingar tryggðu aukin réttindi og mikilvægar
56 kjarabætur til eldra fólks. Fundurinn fagnar einnig áherslubreytingum í þjónustu við eldra
57 fólk með verkefninu *Gott að eldast* og samþykkt þingsályktunartillögu félags- og
58 vinnumarkaðsráðherra þar að lútandi árið 2023. Fundurinn minnir á að enn eru hópar eldra
59 fólks sem bera of lítið úr bitum, ekki síst konur sem eiga takmarkaðan rétt til greiðslu úr
60 lífeyrissjóðum. Tímabært er að skoða næstu skref í bættum kjörum ellilífeyrisþega. Skoða
61 þarf aðgerðir eins og almenna hækkun ellilífeyris, hækkun frítekjumarka og þrepaskiptingu
62 tekjutengingar til að hækkar nýtist best hinum efnaminni meðal eldra fólks.

63 Stjórn VG

64 **Ályktun um innflytjendamál**

65 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
66 2024 fagnar því að unnið sé að fyrstu stefnu Íslands í málefnum innflytjenda, *Samfélag okkar*
67 *allra*, undir forystu félags- og vinnumarkaðsráðherra. Fjölgun innflytjenda er óvíða meiri
68 innan OECD ríkja en á Íslandi og felur það í sér stórar áskoranir og kallar á úrlausn
69 margvíslegra verkefna. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnvöld vinni markvisst gegn
70 stéttskiptingu í íslensku samfélagi sem meðal annars birtist í lakari stöðu innflytjenda en
71 innfæddra. Í þessu skyni leggur fundurinn sérstaka áherslu á að stjórnvöld, ríki og
72 sveitarfélög, tryggi aukna aðstoð við börn innflytjenda í skólum landsins og stórauki
73 íslenskukennslu fullorðinna og barna. Fundurinn leggur að stjórnvöldum að vinna stefnu og
74 hrinda aðgerðum í framkvæmd til að sporna við vinnumansali en það beinist að stórum
75 hluta að innflytjendum. Hvað ofangreint varðar fagnar fundurinn fjármagni í nýsamþykkttri
76 fjármálaáætlun stjórnvalda um aukið fjármagn til inngildingar innflytjenda, m.a. í skólum og
77 samþykkt frumvarps um samstarf og eftirlit á vinnumarkaði.

78 Stjórn VG

79 Ályktun um málefni Palestínu og stríðið á Gaza

80 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
81 2024 ítrekar mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið þrýsti á um að friður komist á í Palestínu
82 og að Ísraelsher hætti að drepa saklausa borgara á Gaza. Ísraelsstjórn hefur látið úrskurði
83 Alþjóðadómstólsins í Haag frá því í maí sl. um að stöðva hernaðinn og koma
84 mannúðaraðstoð á svæðið sem vind um eyru þjóta. Íslensk stjórnvöld hafa á
85 alþjóðavettvangi kallað eftir því að Ísrael og Hamas samþykki langvarandi vopnahlé. Það má
86 ekki dragast. Það er sjálfsögð krafa að Bandaríkin, sem helsta stuðningsríki Ísraels, beiti sér
87 af mun meiri þunga til að koma á tafarlausu vopnahléi. Ástandið á svæðinu er skelfilegt og
88 Ísrael verður að hætta strax að tefja flutning hjálpargagna til Gaza. Ekkert réttlætir það
89 þjóðarmorð sem nú stendur yfir á Gaza og ekkert réttlætir hryðjuverk Hamas í Ísrael 7.
90 október 2023.

91 Alþjóðadómstólinn gaf í júlí sl. út álit þess efnis að herseta Ísraels á Vesturbakkanum og í
92 Austur-Jerúsalem sé ólögleg, aðgerðir Ísraels á svæðunum jafngildi innlimun og
93 Palestínumönnum sé mismunad á kerfisbundinn hátt. Ísraelar þurfi því að yfirgefa
94 landnemabyggðirnar og hætta landtöku á palestínskum svæðum. Það er alveg ljóst að til
95 þess að friður náist á svæðinu verða Ísraelar að láta af hernaðinum á Gaza, fara af
96 Vesturbakkanum og frá Austur-Jerúsalem og gera Palestínumönnum þannig kleift að byggja
97 upp sitt eigið ríki á grundvelli tveggja ríkja lausnarinnar. Langvarandi friður verður að komast
98 á, ekki síður til þess að koma í veg fyrir að átökin breiðst út til annarra landa.

99 Flokksráðsfundur minnir á mikilvægi friðarbaráttunnar nú þegar ófriðarbál loga víða um
100 heim.

101 *Stjórn VG*

102 Ályktun um samgöngumál

103 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
104 2024 áréttar mikilvægi greiðra samgangna og fjölbreyttra valkosta í samgöngumálum í þágu
105 allra landsmanna. Brýnt er að stefna að hágæða almenningsamgöngum um land allt til að
106 draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og byggja upp greiðar leiðir og fjölbreytt samfélag.
107 Fundurinn hvetur innviðaráðherra til dáða, enda ærið verk að vinna en tækifærin mikil á
108 næstunni í samgöngumálum. Almenningsamgöngur fela í sér mikilvæga kjarabót fyrir
109 vinnandi fólk og fjölbreyttir ferðamátar eru leið til þess að efla lýðheilsu en jafnframt stuðla
110 að vistvænna samfélagi. Fundurinn bendir á að við forgangsröðun framkvæmda þurfi ávallt
111 að hafa grundvallargildi um félagslegt réttlæti og jöfnuð í forgrunni ásamt því að auka
112 umferðaröryggi. Brýnt er að ljúka við uppfærslu Samgöngusáttmálans á
113 höfuðborgarsvæðinu og koma Borgarlínu til framkvæmda. Einnig að tryggja góða og ítarlega
114 vinnu við gerð tillögu um samgönguáætlun fyrir Alþingi í haust.

115 *Stjórn VG*

116 Ályktun um náttúruvernd

117 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
118 2024 leggur áherslu á vernd og sérstöðu íslenskrar náttúru, til lands og sjávar, og
119 líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni hennar. Náttúran skal alltaf njóta vafans. Ná þarf
120 alþjóðlegum skuldbindingum með fjölgun friðlýstra svæða svo þau þeki 30% á landi og í hafi
121 fyrir árið 2030. Þjóðgarður á miðhálandi Íslands mun stuðla að verndun víðerna, náttúrufars,
122 jarðminja auk menningar og sögu og ekki má missa sjónar af markmiði um stofnun
123 Hálandisþjóðgarðs.

124 Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er friðun
125 lífveranna meginregla og nýting þeirra undantekning frá þeirri reglu. Fundurinn leggur
126 áherslu á að líta þurfi til sömu meginreglu í allri náttúruvernd. Fundurinn leggur jafnframt
127 áherslu á að binda þarf í stjórnarskrá ákvæði um vernd náttúru, óbyggðra víðerna og
128 umhverfis sem byggja á varúðar- og langtímasjónarmiðum. Ákvæðið fjalli um fjölbreytni
129 náttúrunnar, vöxt og viðgang lífríkis og almannarétt.

130 Stjórn VG

131 Ályktun um auðlindir

132 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
133 2024 ítrekar brýna nauðsyn sérstaks auðlindaákvæðis í stjórnarskrá. Tryggja þarf
134 stjórnarskrárvarða þjóðareign á auðlindum fyrir framtíðarkynslóðir og að gjald af nýtingu
135 þeirra renni í sameiginlega sjóði samfélagsins. Auðlindagjöld eru arðgreiðslur en ekki skattar
136 og fullt gagnsæi og jafnræði þarf að ríkja við veitingu nýtingarleyfa til takmarkaðs tíma í
137 senn. Sjálfbær nýting auðlinda er grundvöllur velsældar héraendis. Nýtingu auðlinda skal ekki
138 vera hægt að framselja varanlega. Flokksráðsfundurinn leggst gegn hverskyns einkavæðingu
139 og fákeppni í nýtingu á auðlindum í náttúru Íslands.

140 Stjórn VG

141 Ályktun um nýtingu vinds til orkuöflunar

142 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
143 2024 ítrekar mikilvægi þess að mörkuð sé stefna um nýtingu vinds til orkuöflunar hvort
144 heldur á landi eða hafi í íslenskri lögsögu. Við þá stefnumörkun sé horft til þess að nýting
145 vindorku byggja á reynslu og eigi sér stað á fáum stöðum. Fundurinn ítrekar þá kröfu Vinstri
146 grænna að vindorka eiga að heyra undir lagaumgjörð rammaáætlunar. Auðlindagjald af
147 vindorkuvirkjunum renni til samfélagsins alls og fyrirtæki í almannaeygu hafi forgang við
148 úthlutun nýtingarleyfa. Fundurinn minnir á þá meginafstöðu hreyfingarinnar að í stað
149 áherslu á frekari orkuöflun héraendis skuli horfa til orkunýtni og styrkingar flutningskerfisins
150 svo tryggja megi afhendingaröryggi og jafna aðgengi að nauðsynlegum orkuskiptum um land
151 allt. Jafnframt að ef afla þurfi frekari orku skuli henni án undanbragða ráðstafað í þágu
152 aukinnar orku til almennra nota og innlendra orkuskipta en ekki til útflutnings. Jafnvægi þarf
153 ávallt að ríkja á milli náttúruverndar og orkuöflunar.

154 Stjórn VG

155 Ályktun um sjávarútvegsmál

156 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
157 2024 leggur ríka áherslu á sanngirni og jafnræði í nýtingu auðlinda þjóðarinnar. Í því ljósi
158 telur fundurinn mikilvægt að hækka veiðigjald á tilgreindar uppsjávartegundir til að tryggja
159 að greitt sé sanngjarnt gjald fyrir afnot sameiginlegra auðlinda.

160 Fundurinn leggur áherslu á nauðsyn aukins gagnsæis og upplýsingaöflunar vegna tengdra
161 aðila í sjávarútvegi.

162 Tryggja þarf sanngirni og nýtingu aflaheimilda með nýju byggðakvótakerfi. Fundurinn leggur
163 til að úthlutanir verði endurskoðaðar til að styrkja brothættar byggðir og byggðarlög sem
164 hafa orðið fyrir áföllum vegna varanlegs aflabrests og framsals aflaheimilda.

165 Endurskoða þarf lög um strandveiðar og tryggja að afli dreifist með sanngjörnum hætti um
166 landið. Markmið strandveiða er, og á að vera, að styrkja smærri sjávarpláss og glæða lífi
167 hafnir um land allt.

168 Flokksráðið kallar eftir því að matvælaráðherra leggi fram heildstæða sjávarútvegsstefnu til
169 að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag.

170 Mikilvægt er að lagt verði fram frumvarp um verndarsvæði í hafi sem muni styrkja lagastoð
171 fyrir verndun hafsvæða.

172 Endurskoða þarf stefnu stjórnvalda í málefnum hafsins en hún hefur ekki verið endurskoðuð
173 síðan 2004. Endurskoðuð stefna þarf að taka tillit til nýrra áskorana og tryggja að við
174 stöndum vörð um auðlindir hafsins og nýtingu hafsvæða á sem bestan hátt.

175 Stjórn VG

176 Ályktun um kynbundið ofbeldi

177 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
178 2024 fordæmir allt kynbundið ofbeldi. Uppræta þarf þau viðhorf og kerfi sem leiða af sér
179 kynbundið ofbeldi og tryggja að ofbeldismál fái skjóta og faglega meðferð í
180 réttarvörslukerfinu.

181 *Greinagerð: Kynbundið ofbeldi er alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis. Það er*
182 *ekki einstaklingsbundinn vandi heldur samfélagsmein sem þrífst á valdamisræmi og er*
183 *mesta ógn við líf og heilsu kvenna og kvára, jafnt á Íslandi sem annars staðar. Ofbeldi*
184 *og ógn um ofbeldi eru hluti af daglegu lífi kvenna og hefur enn meiri áhrif á líf og stöðu*
185 *kvenna sem tilheyra minnihlutahópum. Gera þarf áætlun í samstarfi ríkis og*
186 *sveitarfélaga um að útrýma kynbundnu ofbeldi. Kvarða þarf tímasettar og mælanlegar*
187 *aðgerðir og fjármagn til verkefnanna. Komið verði á laggirnar ofbeldisvarnarráði þar*
188 *sem saman koma allir viðbragðs- og fagaðilar í málaflokknum til að fylgja eftir*
189 *aðgerðaráætluninni, meta virkni úrræða og gildandi laga hverju sinni í takt við þá*
190 *þróun og tækniframfarir sem eiga sér stað í samfélaginu. Bæta þarf réttarkerfið þegar*
191 *kemur að meðferð kynferðisbrotamála, stytta málsmeðferðartímann, auka virðingu*
192 *fyrir brotapolum með því að vanda sérstaklega til rannsókna á kynferðisbrotamálum,*
193 *eyða fordómum og efla meðvitund almennings um eðli og afleiðingar kynferðisbrota*

194 fyrir þolendur, aðstandendur þolenda og samfélagið í heild. Úrræði og athvörf fyrir þau
195 sem hafa orðið fyrir heimilis- og kynferðisofbeldi ber að styrkja og efla og vinna að því
196 með markvissum hætti að þróa útgönguleiðir (e. exit strategies) fyrir brotþola vændis
197 og annars efnahagslegs kynferðisofbeldis.

198 Málefnaþingur um kvenfrelsisstefnu

199 Ályktun um aukinn stuðning við fjölskyldur

200 Flokksráðsfundur Vinstri grænna haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst 2024 leggur áherslu á að
201 bil milli fæðingarorlofs og leikskóla verði brúað og fæðingarorlof verði lengt í 24 mánuði.
202 Stuðning við sjálfstæða foreldra þarf að auka með lengra fæðingarorlofi, hærri barnabótum
203 og hærri húsnæðisstyrk. Hækka þarf fæðingarstyrk til stúdenta eða leggja hann niður og
204 tryggja að námsfólk fái lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði, sem tryggir framfærslu
205 barna og foreldra, um leið þarf að hækka þær greiðslur. Sjálfsagt er að máltíðir
206 leikskólubarna verði gjaldfrjálssar líkt og er í grunnskólum.

207 Fundurinn leggur einnig áherslu að foreldri hafi kost á að framselja hluta fæðingarorlofs til
208 ömmu og afa að samskiptum fyrirmynd þar sem ömmur og afar fá greitt orlof sem nemur allt að
209 þremur mánuðum á fyrsta ári barnabarns. Einstaklingar sem sinna veikum nákomnum t.d.
210 eldra/uppkomnu barni, maka eða öldruðum foreldrum eigi rétt á launuðum
211 umönnunardögum.

212 *Greinargerð: Mikilvægt er að tryggja áfram jafna skiptingu milli beggja foreldra til að*
213 *stuðla að auknu kynjajafnrétti. Sé foreldri stakt fylgir réttur til fæðingarorlofs*
214 *barninu. Tengslamyndun er afar mikilvæg fyrstu ár barna og samvera við fjölskyldu*
215 *skiptir miklu máli hvað varðar tauga- og tilfinningaþroska barna. Sú samvera á ekki*
216 *að vera þjökuð af streitu vegna þess að foreldrar hafi áhyggjur af fjárhag og því sem*
217 *tekur við að loknu fæðingarorlofi. Við sem samfélag þurfum að huga betur að*
218 *foreldrum og farsæld barna. Lenging fæðingarorlofs er mikilvægur þáttur í þeirri*
219 *vegferð.*

220 *Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði eiga aldrei að vera undir lágmarkslaunum og*
221 *láglaunafjölskyldur eiga að hafa efni á því að taka fæðingarorlof. Það er forvarnar-*
222 *og lýðheilsumál að létta þessum áhyggjum af foreldrum og einnig réttindi hvers*
223 *barns samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að gera það sem börnum er*
224 *fyrir bestu, huga að lífi þeirra og þroska og að þau njóti samveru við fjölskyldu sína*
225 *(3., 6. og 9. grein).*

226 *Það er gríðarlega mikilvægt að foreldrar fái svigrúm og stuðning til að rækta skyldur*
227 *sínar og sinna þeirri ábyrgð sem barneignir eru með stuðningi samfélagsins.*
228 *Ríkisvaldið þarf að koma sterkt inn með lögum, reglugerðum og fjármagni. Hið*
229 *opinbera á og verður að styðja við barnafjölskyldur bæði með bótum og þjónustu. Að*
230 *fæðingartíðni á Íslandi sé komin í 1,59 barn er virkilega umhugsunarvert sem og að*
231 *foreldrar með hærri tekjur eignist frekar börn en þeir tekjulægri. Einnig þarf að*
232 *styrkja betur umhverfi einstæðra foreldra og fjölburaforeldra, alltaf með þarfir*
233 *barnanna í huga.*

234 *Fyrir atbeina Vinstri grænna og verkalýðshreyfingarinnar verða máltíðir í*
235 *grunnskólum gjaldfrjálsar, en foreldrar barna í leikskólum greiða enn hátt gjald fyrir*
236 *máltíðir. Foreldrar ungra barna hafa marga aðra útgjaldaliði og það væri augljós*
237 *búbót fyrir fjölskyldur ef máltíðir yrðu gjaldfrjálsar í leikskólum.*

238 *Í Svíþjóð er fæðingarorlof með hverju barni 16 mánuðir og með nýjum lögum þar*
239 *geta foreldrar framselt allt að þremur mánuðum til ömmu og afa á fyrsta ári*
240 *barnsins.*

241 *Nú þegar þjóðin er að eldast lendir umönnun vegna langveikra barna, maka eða*
242 *aldraðra foreldra oft á konum eða afkomendum. Þetta skapar álag og er mögulega*
243 *einn áhrifavaldur að aukinni tíðni langtímaveikinda, kulnunar og örorku kvenna sbr.*
244 *tölur frá TR sem segja fjórðung kvenna á aldrinum 63-66 á örorkubótum. Mikilvægt*
245 *er að koma til móts við þau sem eru í þessari stöðu og að þeir einstaklingar sem sinna*
246 *veikum nákomnum t.d. maka, eldra eða uppkomnu barni og/eða öldruðum foreldrum*
247 *eigi rétt á launuðum umönnunardögum.*

248 *Málefnaþingur um kvenfrelsisstefnu*

249 **Ályktun um aukinn jöfnuð ungmenna**

250 *Flokksráðsfundur Vinstri grænna haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst 2024 hvetur til þess að*
251 *máltíðir ungmenna í framhaldsskólum verði gjaldfrjálsar sem og öll námsgögn þeirra að 18*
252 *ára aldri. Einnig þarf að jafna stöðu allra við íþróttaiðkun bæði hvað varðar aðbúnað og*
253 *fjármögnun og fundurinn hvetur til þess að reglur um styrki til íþróttafélaga verði skilyrtar og*
254 *öllum iðkendum til góða. Einnig verði tryggt að getnaðarvarnir verði gjaldfrjálsar fyrir yngsta*
255 *aldurshópinn.*

256 *Greinargerð: Nauðsynlegt er að öll ungmenni sem stunda nám í framhaldsskólum fái*
257 *eina gjaldfrjálsa máltíð á dag í mótuneytum skólanna. Þetta eykur jöfnuð, dregur úr*
258 *þörf ungmenna til að vinna með skóla þannig að þau geti sinnt námi og tómstundum*
259 *frekar auk þess að auka líkurnar á að þau borði innihaldsríka máltíð á skólatíma.*

260 *Einnig er mikilvægt að huga að félagslegu réttlæti og jöfnuði þegar kemur að*
261 *íþróttaiðkun sama hvers kyns iðkendur eru. Sveitarfélög þurfa að huga að úrvali á*
262 *íþróttagreinum til að mæta ólíkum áhuga og þörfum og reynt sé að ná betur til*
263 *innflytjenda er varðar íþróttaiðkun. Einnig að jafnt fjármagn fylgi öllum flokkum. Þá*
264 *er mikilvægt að huga að fötluðum og þeirra áhuga er varðar íþróttaiðkun.*

265 *Breyting á lögum um þungunarrof hafa ekki leitt til fjölgunar slíkra aðgerða heldur*
266 *hefur þeim fækkað. Til að styðja enn frekar við sjálfsákvörðunarrétt kvenna er*
267 *mikilvægt að aðgengi að getnaðarvörnum verði auðveldað og að þær verði*
268 *gjaldfrjálsar.*

269 *Málefnaþingur um kvenfrelsisstefnu*

270 Ályktun um óhagnaðardrifin búsetuform og samvinnubúseta

271 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
272 2024 kallar eftir róttækum breytingum á húsnæðismarkaði til að tryggja félagslegt réttlæti
273 og aðgengi allra að öruggu húsnæði. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld að aðgengi að
274 öruggu húsnæði á sanngjörnu verði eru mannréttindi. Allar aðgerðir stjórnvalda á
275 húsnæðismarkaði eiga að taka mið af því. Öruggt húsnæði á sanngjörnu verði er forsenda
276 fyrir réttlátu og friðsömu samfélagi þar sem fólk fær notið jafna tækifæra til mannsæmandi
277 lífskjara.

278 Mikilvægt er að búsetuform sé fjölbreytt m.a. í formi húsnæðissamvinnufélaga og annarra
279 óhagnaðardrifinna húsnæðis- og leigufélaga. Einnig mætti skapa hér grundvöll fyrir
280 samvinnubúsetu (e. co-housing) sem er íbúðarform þar sem lögð er áhersla á samfélag og
281 samvinnu. Íbúar eiga sín eigin heimili en deila sameiginlegum rýmum og aðstöðu. Þannig
282 getur skapast náið samfélag íbúa þar sem þeir r geta notið félagslegs stuðnings og
283 samneytis, oft með reglulegum sameiginlegum máltíðum, samkomum og
284 ákvarðanatökufærum, án þess að fórna persónulegu rými sínu. Þetta fyrirkomulag þekkjum
285 við t.a.m. á dvalarheimilum, búsetukjörnum og stúdentagörðum.

286 Þá mætti stofna sjóð að erlendri fyrirmynd (e. community land trust) sem styður
287 óhagnaðardrifin samvinnufélög í að fjárfesta í landi með það að markmiði að tryggja
288 uppbyggingu húsnæðis á viðráðanlegu verði. Með eignarhaldi samvinnufélags á landi má
289 koma í veg fyrir verðhækkanir á húsnæði vegna spákaupmennsku, auka stöðuleika á
290 húsnæðismarkaði og lækka húsnæðisverð fyrir tekjulága eða fyrir ungt fólk sem er að koma
291 sér upp heimili.

292 *Ung vinstri græn*

293 Ályktun um endurgjaldslausar getnaðarvarnir fyrir ungt fólk

294 Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst
295 2024 vill undirstrika mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir ungt
296 fólk.

297 Ungt fólk á ekki að þurfa að standa frammi fyrir fjárhagslegum hindrunum þegar það tekur
298 ábyrgð á eigin kynheilbrigði. Með því að tryggja að allar getnaðarvarnir verði án endurgjalds
299 er hægt að jafna aðstöðumun ungs fólks og tryggja því jafnan rétt í heilbrigðisþjónustu.

300 *Greinargerð: Ákvörðun um getnaðarvarnir er persónuleg og mikilvægt að fólk hafi*
301 *fullt vald yfir eigin líkama og kynheilbrigði, án þess að fjárhagsstaða þeirra setji*
302 *hömlur á val þeirra. Með því að gera getnaðarvarnir endurgjaldslausar stuðlum við*
303 *að bættum lífsgæðum og aukinni sjálfsstjórn ungs fólks yfir eigin framtíð. Það dregur*
304 *einnig úr samfélagslegum kostnaði vegna óæskilegra þungana og fylgikvilla sem geta*
305 *hlotist af ófullnægjandi getnaðarvarnarvalkostum.*

306 *Þetta er ekki einungis heilbrigðismál heldur réttlætismál. Við teljum að öll, en*
307 *sérstaklega ungt fólk, eigi rétt á því að taka upplýstar ákvarðanir um eigið*
308 *kynheilbrigði án þess að fjárhagslegar hindranir standi í vegi þeirra. Með því að*

309 *tryggja aðgengi að öllum getnaðarvörnum, getum við stuðlað að heilbrigðara og*
310 *réttlátara samfélagi.*

311 *Fundurinn hvetur stjórnvöld til að vinna hratt að því að tryggja þessa mikilvægu*
312 *breytingu, sem hluta af heildstæðri stefnu í kynheilbrigðismálum, til að styrkja stöðu*
313 *ungmenna og tryggja þeim jafnan rétt til öruggrar og heilbrigðrar framtíðar.*

314 *Ung vinstri græn*

315 **Ályktun um íbúakosningu í Hafnafirði**

316 Flokksráðsfundur Vinstri grænna haldinn í Keflavík 17. ágúst 2024 tekur undir kröfu íbúa í Hafnafirði
317 um íbúakosningu vegna fyrirhugaðs stórtæks kolefnisgeymsluíðnaðar í bænum. Fundurinn áréttar að
318 virða beri stefnu Íslands um sjálfbæra þróun og lykilmarkmið um að stuðla að réttlátum umskiptum
319 fyrir alla hópa samfélagsins. Það felur í sér málsmeðferðarréttlæti, að lýðræðisleg aðkoma að
320 stefnumótun og samráð við almenning um aðgerðir séu tryggð.

321 *Greinargerð: Í stefnu okkar frá 2021, Loftslagsvá og náttúra, stendur m.a.:*

- 322 • *Náttúran á alltaf að njóta vafans*
- 323 • *Tryggja þarf gagnsæi og aðgengi að upplýsingum og almenningur á að hafa*
324 *beina aðkomu að ákvörðunum varðandi umhverfis- og loftslagsmál snemma í*
325 *ferli ákvarðanatöku.*
- 326 • *Ísland á að ganga lengraog lögfesta sjálfstætt markmið um a.m.k. 60%*
327 *samdrátt.*
- 328 • *Ljóst er að verulega þarf að draga losun sem heyrir undir evrópska*
329 *viðskiptakerfið með losunarheimildir (ETS). Í þessum losunarflokki á Ísland að*
330 *setja sjálfstætt markmið sem styður markmið aðildarríkja ESB um ríflega 60%*
331 *samdrátt sem m.a. nær til stóriðju og flugsamgangna.*
- 332 • *Hreyfingin hefur því skýra sýn á að draga eigi úr losun koltvísýrings.*

333 **Stefna stjórnvalda**

334 *Í nýsamþykktri stefnu Íslands um sjálfbæra þróun er m.a. það lykilmarkmið að stuðla*
335 *að réttlátum umskiptum fyrir alla hópa samfélagsins og meginmarkmið m.a. að það*
336 *sé gert í sátt og samráði við nærsamfélagið.*

337 *Í aðfararorðum EES-samningsins segir að samningsaðilar hafi einsett sér að sjá til*
338 *þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli*
339 *meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til*
340 *varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða.*

341 *Ýmsir hafa bent á að ef það að veita fé til þróunar iðnaðar við að fanga koltvísýring*
342 *og geyma fái forgang umfram fjárframlög til að leita leiða til minni losunar og*
343 *orkuskipta geti það mögulega leitt til enn hraðari og meiri losunar. Náttúran gæti*
344 *einnig borið skaða af þeirri gríðarlega miklu vatnsnotkun sem þarf til að fanga og*
345 *geyma koltvísýring. Augljóslega er betra að losa minna og ekki má missa sjónar á því*
346 *markmiði.*

347 *Hér á landi vantar regluverk t.d. um aðkomu íbúa, um nálægð gaslagna í og við*
348 *íbúabyggð, um geymslugeyma koltvísýrings undir íbúabyggð. Hver á þá auðlind sem*
349 *göt í steinum eru og staðsett eru undir íbúðarhúsi? Er sjálfsagt að einkafyrirtæki sé*
350 *afhent vatnsauðlind á hundruða hektara svæði endurgjaldslaust í áratugi, sem þar að*
351 *auki verður hugsanlega ekki hægt að nýta vatnið í tugi eða hundruð ára á eftir?*

352 *Erlendis hafa gasleiðslur við íbúðabyggð og geymslutankar koltvísýrings valdið*
353 *slysum og mætir iðnaður með koltvísýring sívaxandi andstöðu íbúa.*

354 *Kolefnisförgunarverkefni er á döfnni á höfuðborgarsvæðinu sem kallar á*
355 *vatnsnotkun sem er þreföld á við kaldavatnsnotkun Reykjavíkur. Verkefnið yrði auk*
356 *þess stórnotandi á orku, bæði heitu vatni og rafmagni, og reynir þar með á innviði.*
357 *Þrátt fyrir skýr markmið þessa verkefnis um magn og árafjölda segir í 33. gr.*
358 *reglugerðar um geymslu koldíoxíðs í jörðu 1430/2022. „Um aðgang þriðja aðila að*
359 *flutningskerfi og geymslusvæði“, að „mögulegir notendur skuli hafa aðgang að*
360 *flutningskerfi og geymslusvæði rekstraraðila í þeim tilgangi að flytja þangað og dæla*
361 *þar niður koldíoxíði til geymslu, en rekstraraðila heimilt að taka gjald fyrir“.*

362 *Ekki liggur fyrir hvort kolefnisbókhald Íslands geti nýtt innfluttan koltvísýring sem*
363 *geymdur yrði hér í jörðu til frádráttar losunar sem verður af verkefninu, þ.e. föngun í*
364 *gasformi erlendis, fasabreytingum í vökvaform og flutningum til skips,*
365 *skipaflutningum, byggingum, uppbyggingu hafnar, og orkunotkun, en þess má geta*
366 *að heildartölur um losun verkefnisins eru ekki gefnar upp í umhverfismati.*

367 *Gleymum því ekki að verkefnið sem um ræðir er knúið áfram af hagnaðarvon.*

368 **Kallað eftir umræðu innan flokksins**

369 *Kallað er eftir því að við sem hreyfing ræðum um stefnu hvað varðar kolefnisgeymslu*
370 *í jörð og heildarmyndina, þá sérstaklega um flutning koltvísýrings til landsins sem*
371 *skv. hugmyndum framkvæmdaraðila gæti orðið einn stærsti iðnaður landsins.*

372 *Stjórn VG í Hafnarfirði*

373 **Almenn stjórn málaályktun**

374 **Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjanesbæ 17. ágúst**
375 **2024 ályktar eftirfarandi:**

376 Ójöfnuður er eitt helsta viðfangsefni stjórn mála. Baráttan fyrir jöfnum kjörum og
377 tækifærum allra er eilífðarverkefni vinstrisins og kjarni erindis þess. Fundurinn áréttar að
378 farsælasta undirstaða þróttmikils efnahagslífs er blandað hagkerfi þar sem hin efnamestu
379 eru skattlögð umfram hin tekjulægri. Sú stefna hefur skilað mestri hagsæld og jöfnuði í þeim
380 samfélögum þar sem hún hefur verið rekin. Breiðu bökin í samfélaginu og atvinnugreinar
381 sem standa vel þurfa að leggja meira til samfélagsins. Þá á innheimta gjalda af nýtingu
382 sameiginlegra auðlinda að vera ein af undirstöðum fjármögnunar velferðarkerfisins.

383 Fundurinn minnir á að skattkerfið er öflugasta tæki samfélagsins til að stuðla að auknum
384 jöfnuði og réttlæti. Á síðasta kjörtímabili innleiddi ríkisstjórnin þriggja þrepa tekjuskattkerfi,

385 sem er mikilvægur þáttur í að jafna kjörin. Vinstri græn eru óhrædd við að nýta skattkerfið til
386 að styðja við velferðarsamfélagið og ná fram ýmsum félagslegum markmiðum, svo sem í
387 umhverfismálum, lýðheilsu og byggðamálum. Fundurinn telur tímabært að hefja samtal um
388 ásættanlegan launamun í samfélaginu. Rannsóknir sýna að of mikill ójöfnuður, hvort sem
389 hann birtist í tekjum eða eignum, getur valdið klofningi milli hópa í samfélaginu. Berjast
390 verður gegn þessari þróun, meðal annars með hóflegum auðlegðarskatti á þau sem eiga
391 miklar eignir og koma á þrepaskiptum fjármagnstekjuskatti.

392 Fundurinn minnir á mikilvægi félagslegs eignarhalds á helstu innviðum og varar við aukinni
393 markaðshyggju, einkavæðingu og pilsfaldakapítalisma. Vinstri græn hafna frekari
394 markaðsvæðingu í sölu raforku, heilbrigðis- og velferðarþjónustu, í menntakerfinu og í
395 áfengissölu. Einkaaðilar áforma nú stórar virkjanir út um allt land en mikilvægt er að
396 orkuöflun og orkuinnviðir séu í opinberri eigu og undir stjórn opinberra fyrirtækja. Aukin
397 einkavæðing og einkarekstur í heilbrigðis- og velferðarþjónustu er varhugaverð, grefur
398 undan opinberri þjónustu og ógnar jöfnuði í samfélaginu.

399 Undir forystu Vinstri grænna hafa ýmis mikilvæg skref verið stigin í átt til jöfnuðar. Afar
400 mikilvægir kjarasamningar náðust á almennum vinnumarkaði í vor með styrkri aðkomu
401 ríkisstjórnarinnar. Stuðningsaðgerðir stjórnvalda við kjarasamningana miða að betri
402 lífskjörum, ekki síst fyrir láglaunahópa og fjölskyldufólk. Má þar nefna gjaldfrjálsar og
403 næringarríkar skólamáltíðir í grunnskólum sem mun gagnast þúsundum foreldra í auknu
404 ráðstöfunarfé í lok hvers mánaðar, minnka álag á barnafjölskyldur og draga úr hinni
405 hugrænu byrði sem fylgir rekstri heimilis í dag. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir eru taldar ein
406 árangursríkasta leiðin til að draga úr fátækt barna.

407 Þá fagnar fundurinn því að hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði muni hækka í áföngum í
408 900.000. kr. á mánuði og að barnabætur muni ná til fleiri fjölskyldna en áður. Enn er verk að
409 vinna í málefnum barnafólks, bæði hvað varðar það að hækka lágmark greiðslna úr
410 Fæðingarorlofssjóði og að brúa umönnunarbilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Hér þarf
411 kröftuga aðkomu ríkisvaldsins, sveitarfélaga og atvinnulífsins.

412 Að búa í mannsæmandi húsnæði er grundvallarmannréttindi. Húsnæðismál eru því eitt af
413 mikilvægustu kjaramálum almennings. Hluti af stuðningsaðgerðum ríkisstjórnarinnar í
414 síðustu kjarasamningum er áframhaldandi öflug uppbygging á almenna íbúðakerfinu og
415 styrkingu húsnæðisbótakerfisins. Fundurinn fagnar nýjum húsaleigulögum sem bæta
416 réttarstöðu leigjenda, til að mynda með skýrari ramma um ákvörðun leigufjárhæðar og
417 auknum fyrirsjáanleika í þeim efnum. Betur má þó ef duga skal og á næstu árum verður að
418 efla leigumarkaðinn til muna, ekki aðeins að fjölga íbúðum sem leigðar eru út á
419 óhagnaðardrifnum forsendum heldur líka að koma á afgerandi leigubremsu þannig að meira
420 jafnvægi skapist á milli þeirra sem eru á eigna- og leigumarkaði. Fundurinn fagnar því
421 sérstaklega að Vinstri græn fari nú með innviðaráðuneytið og hreyfingunni gefist þannig enn
422 frekara tækifæri til að setja mark sitt á húsnæðismálin.

423 Fundurinn fagnar þeim breytingum sem samþykktar voru á örorkulífeyriskerfinu á síðasta
424 þingi. Frumvarpið felur í sér allt að 19 milljarða króna nýtt framlag á ári til örorkulífeyrisþega
425 sem mun bæta kjör þeirra til muna. Dregið er úr skerðingum á greiðslum til öryrkja vegna

426 annarra tekna eins og launa eða lífeyrissjóðsgreiðslna og skapaðir raunverulegir hvatar til
427 atvinnuþátttöku. Komið verður í veg fyrir að fólk falli á milli kerfa á meðan á endurhæfingu
428 stendur og nýtt kerfi sniðið að aukinni virkni og tækifærum öryrkja. Hér er um að ræða
429 stærstu aðgerð sem farið hefur verið í til þess að draga úr fátækt meðal öryrkja.

430 Fundurinn lýsir ánægju með stofnun Mannréttindastofnunar Íslands. Stofnunin mun hafa
431 það hlutverk að styrkja mannréttindi í samfélaginu. Mannréttindastofnun er ætlað víðtækt
432 og mikilvægt hlutverk í samfélaginu og mun veita stuðning og leiðsögn þeim sem til hennar
433 leita. Þó að stofnunin muni gagnast öllum mun hún líklega skipta jaðarsetta hópa sem eru
434 sérlega útsettir fyrir mannréttindabrotum mestu máli. Stofnunin mun þannig stuðla að
435 auknu jafnrétti og réttlæti á Íslandi og mun gegna mikilvægu hlutverki í baráttu gegn því
436 bakslagi sem orðið hefur í mannréttindabaráttu á undanförunum misserum.

437 Fundurinn fagnar því að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum hefur nú loks verið uppfærð, en
438 ítrekar að aðgerðir verði að vera róttækari, meiri kröfur gerðar til fyrirtækja og þeirra sem
439 menga meira og réttlát umskipti verður að tryggja. Þá ítrekar fundurinn að lögfesta þarf
440 bann við olíuleit í íslenskri lögsögu og allri olíuvinnslu á Íslandi. Fundurinn fagnar aðkomu
441 Íslands að alþjóðlegum skuldbindingum um friðlýsingu 30% á landi og í hafi árið 2030 og
442 hvetur stjórnvöld til að vinna aðgerðaáætlun til að ná þeim markmiðum.
443 Miðhálandisþjóðgarður er mikilvægur hluti slíkra aðgerða og kallar fundurinn eftir aðgerðum
444 ráðherra hvað það varðar.

445 Fundurinn fagnar þeim framfaraskrefum sem tekin hafa verið í matvælaráðuneytinu undir
446 stjórn ráðherra VG síðustu ár, ekki síst hvað varðar vistkerfisnálgun, áherslu á sjálfbærni í
447 hvívetna og dýravelferð, vinnu að stefnumörkun í sjávarútvegsmálum og lagareldi. Nú síðast
448 má nefna aðkomu ríkisins að uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi við Eyjafjörð, sem verður
449 förgunarstöð fyrir skaðlegar dýraleifar. Fundurinn fagnar stefnumótun og auknum stuðningi
450 við kornrækt og fjármögnun Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands á
451 Hvanneyri. Þá markar setning reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu tímamót en hún hefur
452 verið í vinnslu í allmörg ár og landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu er eitt mesta
453 framfaraskref í opinberri stefnumótun varðandi íslenska sauðfjárrækt í langan tíma.
454 Fundurinn hvetur matvælaráðherra til dáða í áframhaldandi vinnu við dýravelferð í anda
455 hugmyndafræði *Einnar heilsu* (e. One Health). Mikilvægir áfangar hafa náðst, en enn eru
456 áskoranir fram undan.

457 Fundurinn lýsir yfir þungum áhyggjum af risi öfgahægri afla víða um heim. Öfgahægrið þrífst
458 á hatri á útlendingum, hinsegin fólki, konum, fötluðu fólki og öðrum jaðarsettum hópum
459 sem hafa sótt sjálfsögð mannréttindi á undanförunum árum. Bakslagið í mannréttindabaráttu
460 er drifið áfram af þjóðernishyggju og fyrirlitningu á fjölbreytileika mannlífsins. Fundurinn
461 leggur áherslu á að íslensk stjórnvöld haldi áfram að vinna ötullega að mannréttindum allra í
462 alþjóðlegu samstarfi og hér heima.

463 Fundurinn minnir á mikilvægi alþjóðlegrar friðarhyggju. Þróun alþjóðamála er mikið
464 áhyggjuefni en ófriðarský hafa hrannast upp víða um heim. Aldrei hafa fleiri verið á flótta frá
465 lokum seinni heimsstyrjaldar og vopnuðum átökum hefur farið fjölgandi. Íslenska
466 friðarhreyfingin á þakkir skildar fyrir að halda uppi málstað mannúðar og afvopnunar.

467 Fundurinn krefst þess að Ísrael fari að alþjóðalögum, láti tafarlaust af hernaði á Gaza, yfirgefi
468 landnemabyggðir og hætti landtöku á palestínskum svæðum.

469 Að lokum vill fundurinn ítreka að erindi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í íslenskum
470 stjórnámálum er ótvírætt og hvetur forystu hreyfingarinnar og alla félagar til að halda gildum
471 okkar og góðum árangri á undanförunum árum á lofti í pólitískri umræðu.

472

Stjórn VG

DRÖG